



Reykjavík 14. 02.03.

Nefndasvið Alþingis
b.t. Samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006. Félagið fagnar því að verið sé að vinna að samgöngumálum til lengri tíma lítið, en hefur verið gert fram til þessa.

Í tengslum við vegasamgöngur vill félagið leggja áherslu á mikilvægi réttar forgangsroðunar. Það að eyða svokölluðum svörtum blettum eða öðrum þekktum slystæðum í þjóðvegakerfinu er mikilvægt og þarf að gera á kostnað nýrra framkvæmda sem margar hverjar kosta hundruðir milljóna.

Slysavarnafélagið fagnar því að fram til ársins 2006 eigi að leggja áherslu á rannsóknir tengdar umferðaröryggi, en vill jafnframt benda á mikilvægi þeirra rannsókna sem rannsóknarnefndinar þrjár vinna. Orsakir slysa verða að liggja fyrir til að hægt sé að vinna markvisst að forvörnum gegn þeim. Nægjanlegt fjármagn til Rannsóknarnefndar sjóslysa, Rannsóknarnefndar umferðarslysa og Rannsóknarnefndar flugslysa verður að vera til, til að skortur á því hamli ekki rannsóknum.

Varðveisla minja fyrir þessar samgöngur eru samtals 115 milljónir fram til ársins 2006. Félagið gerir sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að varðveita minjar en telur að hluta þessara fjármuna væri betur komið í slysavörnum. Á ári hverju látast að meðaltali 31 einstaklingur í þessum þrem samgöngumleiðum og á þriðjahundrað slasast alvarlega. Áætlanir eru að fækka þessum slysum um 25%-40% og til þess að það sé hægt verður að leggja mjög mikla áherslu á forvarnir og ekki síst þær forvarnir sem ná til einstaklingana sjálfra þar sem orsakir slysa t.d. í umferðinni má í allt að 90% tilfella rekja til ökumannsins sjálfs.

Í tengslum við siglingamál vill félagið benda á að veruleg áhersla liggur í fræðslumálum sjómanna eins og fram kemur í lýsingum á langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna svo og um starfsemi Slysavaranskóla sjómanna. Ljóst er að fræðsla verður vaxandi og stöðugt meiri kröfur eru gerðar til búnaðar skipa. Fyrir þá aðila sem annast fræðslumál þá hefur einungis fengist fjármagn til reksturs en ekki til fjárfestinga og uppbyggingar. Það er því mat okkar að hlúa þarf vel að því menntakerfi sem tengist öryggismálum á sjó hvort heldur er vegna reksturs eða uppbygginga. Við gerð þjónustusaminga vegna rekstur á Slysavarnaskóla sjómanna var farið fram á hækkun framlaga vegna fjárfestinga sem skólinn verður að fara í vegna þeirra samþykka sem stjórnvöld hafa undirritað en því var hafnað á sínum tíma. Framundan er að koma upp æfingasvæði til eldvarna og koma upp nýjum búnaði á skólaskipinu sem nauðsynlegt er til að skólinn geti uppfyllt þær alþjóðakröfur sem skólinn þarf að þjálfra eftir. Nauðsynlegt er að fá leiðréttingu á þessu nú þegar ráðist er í að leggja upp með framlög til næstu ára hvað varðar þessar einingar sem undir þjónustusamninga falla.

Félagið lýsir þá áhyggjum sínum með flutningi á þjónustusamningum frá ráðuneytinu til Siglingastofnunar þar sem viðræður um þjónustusaminga, og þá þörf sem viðkomandi eining innan þeirra er í, markast af því framlagi sem til stofnunarinnar er veitt og því í lítið svigrúm gefið ef þörf eykst.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnaði mjög því öfluga átaki sem langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna er. Til þessa málaflokks er varið 70 milljónum á tímabilinu en á sama tíma er lagt til að 60 milljónir fari í mynjar og sögu. Þeir sem að langtímaáætluninni komu varð strax ljóst að svo vel ætti að vera þyrfti að leggja fram umtalsverðar fjárhæðir svo hægt væri að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Væri því nærri lagi að færa hluta þess fjármagns sem ætlað er til sagna- og mynjaritunar til öryggismála sjómanna þar sem fjárförfin er meiri sem og nauðsyn þess að fækka slysum.

Undir liðnum 3.1.3. Áætlun um öryggi sjófarenda segir um langtímaáætlunina m.a.: ”Helstu málefni sem unnið er að eru t.d. menntun og þjálfun sjó manna, öryggi farþegaskipa og farþegabáta, átak í fræðslu og áróðri ásamt gerð fræðsluefnis og leiðbeininga um öryggismál, söfnun og miðlun upplýsinga um öryggi sjómanna og for varnir í heilbrigðismálum sjómanna. Að því er stefnt að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð sem viðast, öryggisfulltrúar verði í skipum, fylgst með að lög og reglur séu virt og rannsóknir á sviði öryggismála sjómanna stundaðar. Miðað er við að framkvæmd þessarar áætlunar verði með sama hætti og framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, þ.e. að Siglingastofnun annist framkvæmd áætlunarinnar samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun og að verkefnisstjórn komi að málinu með sama hætti og áður. Eftir er að útfæra nánar í hvaða einstök verkefni verður ráðist, en í töflu í kafla 3.3.1 eru sett fram nokkur meginverkefni og sundurliðun fjárveitinga til hvers og eins verkefnisflokks.”

Eins og sjá má á þessari upptalningu þá er fræðsla og áróður eitt það mikilvægasta sem langtímaáætlunum hefur að markmiði. Þar kemur félagið inn sem sterkur aðili sem annars vegar rekur Slysavarnaskóla sjómanna og var einnig frumkvöðull í að koma á laggirnar vinnu við öryggisstjórnunarkerfi fiskiskipa. Ljóst er því að félagið hefur mikið í langtímaáætluna lagt með þessum liðum og því eins og áður sagði enn frekari þörf að Slysavarnaskólanum sé tryggt bæði fyllilegt rekstrarfé og fjárfestingar geti átt sér stað við starfsemi skólans er lúta að þjálfun sjómanna.

Með kveðju



Kristbjörn Óli Guðmundsson
Framkvæmdarstjóri
Slysavarnafélagsins Landsbjargar